

## Ályktun um Súðavíkurgöng

4. Haustþing Vestfirðinga skorar á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að setja Súðavíkurgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar í Ísafjarðardjúpi á samgönguáætlun 2020–2034. Gert verði ráð fyrir göngunum í aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2020–2024 og þegar hafnar rannsóknir og undirbúningur að gerð ganganna.

### Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setji Súðavíkurgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar í Ísafjarðardjúpi á samgönguáætlun 2020–2034 og að þegar verði hafnar rannsóknir og undirbúningur að gerð jarðganganna.

Drög að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020–2034 hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar en umsagnarfrestur er til og með 31. október 2019. Sú áætlun sem er til umsagnar nær til næstu 15 ára og er uppfærð og endurskoðuð á grunni þeirrar áætlunar sem samþykkt var á Alþingi síðasta vetur. Með drögum að samgönguáætlun eru einnig kynnt drög að uppfærðri aðgerðaáætlun til næstu fimm ára, 2020–2024, en þar virðist ekki gert ráð fyrir Súðavíkurgöngum.

Alþingi samþykkti 12. október 2016 þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018 (145. löggjafarþing, 638. mál) þess efnis að veita skyldi fjármagn til að hefja undirbúning og rannsóknir á Súðavíkurgöngum árin 2017 og 2018 en það hefur ekkert gerst enn sem komið er.

Gerð Súðavíkurganga er afar brýn út frá byggðasjónarmiðum en ekki síður út frá öryggissjónarmiðum. Á Súðavíkurlíð eru skilgreindir 22 snjóflóðafarvegir og eru fjölmörg dæmi um snjóflóð og grjóthrun í hlíðinni. Vegagerðin og Snjóflóðasetur Veðurstofunnar fylgjast vel með öllu hættumerkjum og hafa gefið út viðvaranir og lokað hlíðinni ef svo ber undir. Árið 2018 féllu 61 flóð niður á veg samkvæmt talningu Vegagerðarinnar en bent skal á að fjölmargar viðvaranir og lokanir eru gefnar út á hverjum vetri til að hindra slys á fólki.

Yfir vetrarmánuðina er vegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurlíð inn Djúp helsta samgönguæð íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Nokkrar úttektir hafa verið gerðar á síðustu árum um mögulegar úrbætur á leiðinni um Súðavíkurlíð. Hér er einkum vísað í „Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegur milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“ frá nóvember 2002 auk „Greinargerðar um mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“ (Veðurstofa Íslands, Harpa Grímsdóttir, janúar 2006).

Í niðurlagi síðarnefndu greinargerðarinnar kemur eftirfarandi fram: „Niðurstaða þessarar skýrslu er því sú að fyrir þá sem ferðast daglega um Óshlíð eða Súðavíkurlíð er snjóflóða- og grjóthrunshættan nálægt því að tvöfalda árlegar dánarlíkur í umferðinni (miðað við meðaldánarlíkur Íslendinga í umferðinni). Það verður að teljast óviðunandi miðað við forsendurnar sem lýst er í kafla 1.5 um ásættanlega áhættu vegna ofanflóða og grjóthruns á vegi.“ Það má því fullyrða að vegur um Súðavíkurlíð er einn af hættulegustu þjóðvegum landsins, ef ekki sá hættulegasti.

Norðanverðir Vestfirðir eru eitt atvinnu- og búsetusvæði. Samkvæmt vinnusóknarkönnun sem Byggðastofnun lét gera árið 2017 sækja tæp 30% vinnandi fólks

í Súðavík vinnu til Ísafjarðar. Þónokkur fyrirtæki eru með starfsemi í Súðavík og á öðrum þéttbýliskjörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Íbúar Súðavíkur sækja flesta sína grunnþjónustu, til að mynda heilbrigðisþjónustu, til Ísafjarðar.

Líkt og farið hefur verið yfir hér að framan mundu Súðavíkurgöng, jarðgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar, fela í sér brýna samgöngubót fyrir bæði íbúa Súðavíkur og íbúa á norðanverðum Vestfjörðum, sem og aðra sem fara þar um. Það á ekki síst við yfir vetrartímann þegar vegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð inn Djúp er ein helsta samgönguleið vegfarenda.

Arna Lára Jónsdóttir